

64 Legrar birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til, að manntalsþing og hreppsfundir 31. marz fyrir Súðavíkurhrepp verði, að þar til fengnu leyfi eiganda og ábúanda Traðar, haldnir á Tröð og ber hreppsnefndinni að sjá fyrir eða útvega sæmilegt hús, þar á staðnum til þinghaldanna.

65 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bann gegn 2. apríl innflutningi á lifandi skepnum frá Íslandi til Englands, Wales og Skotlands. — Til frekari birtingar læt jeg ekki hjá liða að senda yður hjer með, herra landshöfðingi, hjálagt eintak af svo nefndri »Animals (Amendment) Order of 1892, Nr. 3«, er hin brezka stjórn hefir út gefið 22. f. m., og sem utanríkis-ráðaneytið hefur hingað sent, en í fyrirskipun þessari er bannið gegn innflutningi á lifandi peningi til Bretlands viðkað svo, að það meðal annars gripur yfir Ísland¹.

66 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi 5. apríl handa prestakalli til kirkjubyggingar. — Samkvæmt beiðni prestsins að Setbergi, J. V. Hjaltalíns, meðmælum hlutaðeigandi prófasts og tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi dags. 22. f. m., veiti jeg hjer með samþykki til, að tjeður prestur taki embættislán til endurbyggingar Setbergskirkju, er nemi 1200 krónum, og afborgist á næstu 20 árum með jöfnum greiðslum auk

1) Í nefndri fyrirskipun, er gefin er út af stjórn akuryrkjumálanna (Board of Agriculture), stendur: — — — — —

Innflutningur bannaður á skepnum frá löndum þeim, sem talin eru í öðru fylgiskjali.

2. — (1.) Þar til er stjórn akuryrkjumálanna skipar öðruvísi fyrir, má ekki landsetja á Englandi, Wales eða Skotlandi skepnur, fluttar frá neinu af löndum þeim, er talin eru í 2. fylgiskjali við reglugjörð þessa. (Í hinu tilvitnaða fylgiskjali eru talin þessi lönd: Noregur, Svíþjóð, Spánn, Portúgal, Ísland).

(2.) Reglugjörð um innflutning á skepnum frá 1886 skal gilda svo sem lönd þau, sem nefnd eru í öðru fylgiskjali við þessa fyrirskipun, væru innifalin í listanum yfir bönnuð lönd, er nefnd eru í fyrsta hluta fjórða fylgiskjals við nefnda reglugjörð frá 1886, og svo sem ekkert af þeim löndum, sem talin eru á 2. fylgiskjali við þessa fyrirskipun, væri talið í listanum yfir undanskilin lönd, er nefnd eru í fimmta fylgiskjali við nefnda reglugj. 1886. — — — — —

Fyrirskipun þessi öðlast gildi þegar eptir 31. dag marzmánaðar árið átján hundruð níutíu og tvö.

(Undirskr.) I. H. Elliott.

(L. S.)